

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu
Dalbraut 12
840 Laugarvatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 16. júní 2015
UST201505-185/K.J.
10.04.02

Efni: Aðalskipulag - náma við Högnhöfði – breyting. Umsögn

Vísað er til bréfs Bláskógabyggðar dags. 26. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda breytingu á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps.


Hér er verið að festa í sessi námu sem opnuð var án þess að leitað væri eftir framkvæmdaleyfi vegna efnistökkunnar.

Í greinargerð er vísað til þess að landeigandi hafi til þessa notað námuna til eigin nota. Þarna er að líkindum vísað til 47. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, en þar segir m.a.: „Öll efnistaka á landi er háð framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar, sbr. 27. gr. skipulags og byggingarlaga nr. 73/1997. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er eiganda eða umráðamanni heimil án leyfis **minni háttar efnistaka til eigin nota.**“


Umhverfisstofnun vill benda á að til að náma falli undir ofangreinda undanþágu verður efnistaka að vera **bæði minni háttar og til eigin nota.** Til þessa hefur að líkindum verið tekið á bilinu 10.000-20.000 m³ af efni úr námunni. Hér er því ekki um minni háttar efnistöku að ræða og jafnframt telur Umhverfisstofnun að þegar jarðefni eru seld geti ekki verið um að ræða eigin notkun landeiganda.

Umhverfisstofnun vill benda á að umrædd náma er í fallegu umhverfi sem hentar vel til útivistar. Náman er talsvert ofan sumhúsabyggðar í Úthlíð. Líklega mun umferð vinnuvéla um svæðið draga úr gildi þess til útivistar og náman verða lýti í fallegu landslagi.

Umhverfisstofnun telur að setja eigi verulegar skorður við efnistöku á óbyggðum svæðum eins og því sem hér um ræðir þar sem verið er að tengja saman svæði sem áður tilheyrði hálendi og taldist opið óbyggt svæði við sumarhúsabyggð.


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur

Virðingarfyllst


Agnar Bragi Bragason
Lögfræðingur